

Vinnuskólinn sumarið 2013

Ágætu nemendur

Nú stýttist í að grunnskólum ljúki og sumarfrí taki við. Að vanda stendur Ísafjarðarbær fyrir rekstri vinnuskóla í júní, júlí og fram í ágúst. Starfsemi Vinnuskólans verður með svipuðu sniði og áður. Boðið verður upp á vinnu í: almennri deild, þjónustudeild (viðhaldi, slætti og fleiru), fjöllistahópnum Morranum á leikskólum, aðstoð við leikjanámskeið, á íþróttavallarsvæðinu og/eða við íþróttamannvirki og öðrum verkum sem til falla. Ennfremur verður reynt að bjóða upp á vinnu á golfvallarsvæði.

Þeir unglingar sem hafa góða umsögn frá síðasta sumri ganga fyrir í „vinsæl“ störf.

Þeir unglingar sem eru með ofnæmi sem gæti haft áhrif á vinnuafköst **þurfa að skila læknisvottorði** með umsókn. Því miður getur Vinnuskólinn ekki ábyrgst að þeir starfsmenn sem hafa ofnæmi fyrir frjókornum fái vinnu þar sem þeim er ekki fyrir að fara.

Starfstími:

Árgangi '97 verður boðið upp á starf í sex klukkustundir á dag í sex vikur, árgangi '98 í fimm vikur og árgangi '99 í fjórar vikur. Velja þarf um tímabil og þar sem takmarkaður fjöldi getur starfað á hverjum tíma, ganga þeir því fyrir sem skila umsóknum sínum inn snemma. Hugsanlega má fá framlengingu á vinnuvikum eldri unglinga og ganga þá duglegir unglingar fyrir.

	1. tímabil	2. tímabil
Árgangur 1999	6. júní - 3. júlí	11. júlí - 2. ágúst
Árgangur 1998	6. júní - 10. júlí	11. júlí – 9. ágúst
Árgangur 1997	6. júní - 17. júlí	4. júlí – 14. ágúst

Reglur:

Vinnuskólinn er reyklusinn vinnustaður. Neysla sælgætis og gosdrykkja er eingöngu leyfð við sérstök tækifæri, s.s. uppskeruhátíðir o.þ.h. Notkun GSM síma er einungis heimiluð í sérstökum tilfellum. Starfsmenn þurfa að hafa með sér nesti, vera klæddir í samræmi við veður og hafa góða vinnuhanska. Illa klæddir starfsmenn geta átt það á hættu að vera sendir heim og tapa þá launum þann dag. **Starfsmenn þurfa að fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum flokkstjóra sinna. Leti er ekki liðin. Starfsmaður sem fer ekki eftir fyrirmælum og reglum Vinnuskólans á það á hættu að missa vinnu sína.**

Vinnutími og laun:

Vinnuskólinn hefur störf klukkan 08:00 að morgni og lýkur störfum klukkan 14:00. Ekkert hádegishlé verður, en langur kaffitími er um klukkan 10:30. Vinnustundir og áætluð laun má sjá í neðangreindri töflu:

Fæðingarár	Vinnustundir á dag	Tímakaup	Vikukaup
1999	6 klst.	Kr. 453	Kr. 13.590
1998	6 klst.	Kr. 588	Kr. 17.640
1997	6 klst.	Kr.724	Kr. 21.720

Laun eru greidd einu sinni í mánuði og er launatímabilið frá 16. hvers mánaðar til 15. Næsta mánaðar.

Vinnuskólinn verður settur fimmtudaginn 6. júní kl. 08:00. Starfsmenn fá að vita tímanlega á hvoru tímabilinu þeir munu starfa. Upplýsingar um það gefur sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs í síma 450 8000.

Ítarlegri upplýsingar um Vinnuskólann er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. **www.isafjordur.is**

*Meðfylgjandi er umsóknareyðublað sem skal fylla vandlega út. Mjög áríðandi er að reiknings- og bankanúmer séu skráð á umsækjanda. Einnig þurfa þeir sem voru að klára 10. bekk að skila **skattkorti**.*

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar

sumarið 2013

Kynning og umsóknareyðublað

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar
Austurvegi 9 (2. hæð Sundhallarinnar)
400 Ísafjörður
Sími 450 8051